Nostalgía hvunndagsins

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Þegar **Karólína Lárusdóttir** sýndi á Kjarvalsstöðum árið 1982 vakti sýning hennar mjög mikla athygli og fékk hinar bestu viðtökur sem ung listakona getur yfir höfuð óskað sér.

Nú er hún komin aftur og sýnir á sama stað 86 myndverk, aðallega í olíu og vatnslit en einnig nokkrar grafík-myndir og teikningar. Það er mikill dugnaður og einlægni, sem einkennir vinnubrögð Karólínu, sem málar endurminningar sínar frá Íslandi en hún hefur verið búsett í Englandi sl. 22 ár.

Segja má, að hún sæki myndefni sitt aðallega í hvunndaginn og þá einkum hinar notalegu hliðar hans. Í myndum hennar, og þá aðallega vatnslitamyndunum er sterkur ljóðrænn blær og hér þykir mér list hennar tvímælalaust rísa hæst. Karólínu tekst að bregða upp hrifmiklum svipmyndum úr einfaldleikanum í samþjöppuðu formi þar sem fer lítið fyrir óþarfa smáatriðum. Hér er öll áhersla lögð á heildaráhrifin.

Ég vil nefna hér myndir máli mínu til áréttingar svo sem „Leynifélagið“ (5), Fólk og steinar“ (6), Grýlur á Öskjuhlíð“ (14) og „Kolakrani“ (15). En svo eru einnig annars konar vatnslitamyndir, sem einnig hrífa svo sem „Bláar öldur“ (19), „Jarðbrot“ (20), „Jarðverur“ (21), „Hæðin“ (22), „Landbrot“ (37), „Jarðlög“ (38) og „Blá mynd“ (57). En annars verður mér einna minnisstæðust litla myndin „Kvöldbirta“ (30), þar sem einfaldleikinn er einna mestur og heillegastur.

Karólína þarf vissulega ekki að leita á vit smáatriðanna til að ná fram sterkum og lifandi áhrifum og það er merkilega mikið líf í myndum hennar. Jafnframt bera þær vitni mikilli fágun og ágætri skólun og eðlilega er hér um að ræða enska skólann í vatnslitatækni en hún er jú útskrifuð frá Ruskin-listaskólanum í Oxford auk þess sem hún hefur numið grafíska tækni við Barking College of Art í London.

Að þessu sinni sýnir hún lítið af grafík-myndum og þær búa ekki yfir sömu fjölbreytni né blæbrigðaríkidómi og ýmislegt í þeirri tækni á fyrri sýningu hennar en teikningarnar staðfesta hennar lipru hönd.

Yfir myndum Karólínar Lárusdóttur er léttur blær og yndisþokki, sem eðlilega hrífur almenning. Myndefnið sækir hún í fólk og dularfullar fígúrur í landslagi en það er vinsælasta myndefnið í íslenzkri list í dag svo sem margur veit og ekki sakar dálítið af dularfullri, óræðri rómantík. Í slíkum myndum er bókstaflega ekkert sem getur hneykslað viðkvæmar sálir eða komið róti á sálarlíf manna.

Svo ég víki að fleiri myndum, sem mér þykir ástæða til að nefna tel ég eftirfarandi fram: „Kuldi“



(41), „Hvíta teppið“ (42), „Kvöldstund“ (65) og málverkið „Maður með fínan hatt“ (49). Annars þykja mér málverkin ekki nálægt því eins hnitmiðuð í útfærslu og vatnslitamyndirnar, sem ég hér hef nefnt þar sem allt er slétt og klárt í flestum tilvikum.

Það er vandvirknin og einlægnin, sem ég tel aðal listar Karólínu Lárusdóttur ásamt frjóu hugarflugi.



Hörð samkeppni löngu áður en Mikligarður opnaði

eftir Gunnar Snorrason



Gunnar Snorrason

Í Morgunblaðinu 24. október síðastliðinn ritar Þröstur Ólafsson framkvæmdastjóri Dagsbrúnar grein undir yfirskriftinni „Jafnræðishugsjón á borði — mismunun í orði“ þar rekur Þröstur raunir sínar vegna þess að framkvæmdum við byggingu húss í Mjóddinni (nágrenni KRON) undir áfengisútsölu mun vera hætt og þar með engin áfengisútsala á þeim stað. Þröstur segir meðal annars að fjármálaráðherra sýni íbúum Breiðholts, Kópavogs, Hafnarfjarðar og Garðabæjar fyrirlitningu með slíkri ákvörðun. Ég vil benda á í því sambandi hvað viðvíkur íbúum Breiðholts að það eru til verslunarmiðstöðvar í Breiðholti sem hæglega geta tekið að sér slíka útsölu. Þröstur Ólafsson segir í umræddri grein að það vakni upp sú spurning hvort ekki beri að gefa verslun með áfengi frjálsari innan þeirra marka sem talin er skynsamleg.

Ég er sammála greinarhöfundi hvað þetta snertir. Það verður að teljast harla óeðlilegt svo ekki sé fastar að orði kveðið að ríkisvaldið geti ákveðið það fyrirfram hvert straumur fólks beinist í viðskiptaerindum einungis með því að ákveða fáar útvaldar áfengisútsölur. Mér stendur alveg á sama hvort staðurinn heiti Mjódd eða Kringla, þessir staðir eiga ekki að hafa einkarétt á slíkri sölu. Mín skoðun er sú að ÁTVR eigi einungis að hafa með höndum heildsöludreifingu á áfengi en síðar með ákveðnum takmörkunum þó, eigi smásöluaðilar að selja vöruna til neytenda eins og tíðkast í nágrannalöndum okkar og víðar.

Ég tel það einnig fráleitt að ríkisvaldið skuli fjárfesta tugum milljóna í kaup á fasteignum fyrir útsölustaði á áfengi. Áður en ég skil við áfengisþáttinn í grein Þrastar vil ég láta þá ósk í ljós að þessi útsölumál á áfengi eigi eftir að breytast í framtíðinni.

Það er óvirðing við fólk að ætlast til að það renni eins og fé

„Við munum veita samkeppnisaðila okkar harða samkeppni í verði og þjónustu. Ef okkur tekst það eftirleiðis sem hingað til þurfum við ekki að óttast framhaldið.“

í rétt á tvo eða þrjá útsölustaði í höfuðborginni til að kaupa sér rauðvínsflösku með hamborgarhryggnum eða sherry-flösku í baksturinn. Ég get ekki skilið svo við umrædda grein að ég vitni ekki í skrif greinarhöfundar þar sem hann segir orðrétt: „Með Miklagarði urðu mikil umskipti í smásöluverslun á höfuðborgarsvæðinu og langt út fyrir það, bæði í verðlagi og þjónustustigi. Sú harða samkeppni sem oft er vitnað til á höfuðborgarsvæðinu á rætur sínar að rekja til opnunar Miklagarðs og styrkleika samvinnuverslunarinnar hér en ekki öfugt.“

Ég hef áður lesið svipaðar fullyrðingar oftar en einu sinni og oftar en tvisvar frá greinarhöfundi. Það virðist sem hann reyni sífellt að tyggja þessa fullyrðingu